

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 – 2005

22. mars 2005

15

Nr. 17

LÖG

**um breytingu á lögum um sölu fasteigna,
fyrirtækja og skipa, nr. 99 9. júní 2004.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Nú hefur maður átt eignarhlut í fasteignasölu eða félagi sem rekur fasteignasölu við gildistöku laga þessara 1. október 2004, án þess að það samrýmist ákvæðum 7. gr. um eignarhald á fasteignasölu, og þá öðlast þau ákvæði, þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 30. gr., ekki gildi gagnvart honum fyrr en 1. ágúst 2006, enda sanni hann fyrir eftirlitsnefnd Félags fasteignasala að hann sitji námskeið sem efnt hefur verið til skv. 3. gr. og geti lokið prófraun á tilskildum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. mars 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Björn Bjarnason.